

Fundur Betadeildar föstudaginn 28. maí 2010

Fundarstaður: Heima hjá Ernu Gunnarsdóttur, Steinahlíð 6B

Dagskrá

1. Setning fundar
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Aðalfundarstörf
 - a. skýrsla stjórnar
 - b. Greinargerð gjaldkera
 - c. Kosning nýrrar stjórnar
4. Orð til umhugsunar
5. Kaffi og happdrætti (Gunnlaug E. Friðriksdóttir fékk síðasta vinning).

Eygló setti fund og skilaði kveðju frá fjarverandi félagskonum.
María las fundargerð frá síðasta fundi sem var samþykkt.

Eygló las skýrslu stjórnar fyrir það stjórnartímabil sem nú er að líða. Höfðu Betasystur á orði að gaman væri að heyra hvað við hefðum starfað með fjölbreyttum hætti þetta tímabil. Jóhanna Þorsteinsdóttir gerði grein fyrir fjármálum deildarinnar eins og þau standa núna en endanlegt uppgjör ársins fer ekki fram fyrir en í haust þegar búið er að gera upp starfsárið. Halldóra gerði grein fyrir störfum uppstillingarnefndar og bar upp tillögu að nýrri stjórn fyrir næstu tvö árin. Tillagan var samþykkt einróma. Nýja stjórn skipa því eftirtaldar konur: Þorgerður Sigurðardóttir sem tók að sér að vera formaður, Jónína Hauksdóttir, Hanna Salómonsóttir og Þórunn Bergsdóttir. Sigrún Aðalgeirsdóttir gaf kost á að vera gjaldkeri nýrrar stjórnar og Eygló Björnsdóttir mun starfa með stjórn sem fráfaramandi formaður.

Hanna Salómonsóttir flutti okkur „orð til umhugsunar“. Hún lagði út af vináttunni og talaði um hversu mikilvægt það hefði verið henni í gegnum árin að eignast vináttu þeirra kvenna sem Betadeild skipa. Hún sagði okkur einnig frá góðri vinkonu sinni sem hún ferðaðist með til Frakklands fyrir nokkrum árum ásamt fleiri konum og minnti okkur á að aldursmunurinn skipti ekki máli þegar vináttan væri annars vegar. Einnig las hún upp tvö ljóð sem tengdust vináttunni.

Að því loknu færði Eygló þeim Sigrúnu Aðalgeirsdóttur og Margréti Kristínu Jónsdóttur töskur og bókamerki í tilefni af fimmtugsafmæli þeirra núna í maí og síðan var fundi slitið og Betasystur settust að hátíðarborði og gæddu sér á dýrindis kræsingum sem þær sjálfar höfðu lagt í púkkið. Borðað var og spjallað fram til miðnættis og leið tíminn ótrúlega fljótt eins og venjulega í þessum góðum félagsskap.

Pyngjan góða var látin ganga eins og venjulega og happdrættisvinninginn að þessu sinni hlaut María Steingrímsdóttir.

Ritari

Eygló Björnsdóttir